



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

Félag kvenna í fræðslustörfum

Frá orðum til athafna

Sharing Our Vision – Strengthening Our Society

16. júlí 2013

Ágætu formenn deilda.

Nú er formlega lokið kjörtímabili stjórnarinnar. Stjórnarskipti eru alltaf hjá DKG 1. júlí. Því er ný stjórn tekin við og eins og þið vitið, er Guðbjörg Sveinsdóttir úr Þeta deild og fyrrverandi gjaldkeri okkar nýr forseti samtakanna hér á landi. Guðbjörg er afskaplega dugmikil og framtaksöm í öllum störfum og vænti ég mikils af henni sem forseta samtakanna.

Ég sendi ykkur þennan lokapistil þar sem mér hafa borist tvö bréf, annars vegar frá Kate York fyrrverandi forseta Evrópusvæðisins og annars fulltrúa Evrópu í alþjóða uppstillingarnefndinni International Nomination Committee, þar sem hún minnir á, að nú sé rétti tíminn til að tilnefna í alþjóða nefndir. Það er mikilvægt að þið formenn kynnið ykkur þetta nánar og kynnið vel á fyrsta fundi ykkar í haust. Ég læt bréf hennar fylgja með.

Hitt bréfið kom í dag frá alþjóðaforsetanum Dr. Beverly Helms. Hún er einnig að benda á nýja og auðveldari leið til að fara í alþjóðanefndirnar. Hægt er að skrá sigí þær, með því að fara inn á netsíðu samtakanna, og opna nomination forms á heimasíðunni, þar er allar nánari upplýsingar að finna.

Einnig beinir hún þeirri hugmynd til formanna, að nú geta þeir sent til alþjóðasamtakanna eigin hugmyndir, hvernig þeir hafi eftir innra starf sinna deilda og á þann hátt unnið fría ferð á alþjóðapingið í Indianapolis í júlí 2014. Hugmyndina á að senda til diane@dkg.org hún mun síðan deila henni með alþjóðaforsetanum og nafnið verður sett í pott.

Sniðug hugmynd sem vert er að skoða nánar og endilega takið þátt í þessum skemmtilega leik, hver veit nema þið vinnið fría ferð til USA. Það yrði aldelis skemmtilegt.

Að loknu sérstaklega vel heppnuðu landssambandsþingi í maí sem var vel sótt af félagskonum enda dagskráin frábær, og að loknum síðasta stjórnarfundi í landssambandinu eru nokkur atriði sem mig langar að senda ykkur sem veganesti til næsta árs ykkar sem formenn deilda.

Á aðalfundinum kom upp sú hugmynd að hækka félagsgjöldin úr 8.000 krónum í 10.000 krónur á sama fundi. Það var samþykkt að vísa þessu til

næsta aðalfundar og að þið ágætu formenn bæruð þetta, hver og ein undir ykkar deildakonur, enda er það samkvæmt alþjóða lögum. Það var löngu ákveðið og það kom fram á síðasta framkvæmdaráðsfundi að hækka ekki félagsgjöldin og því var þetta aldrei inni í myndinni.

Annað sem ég heyrði og sjálfsagt er að lagfæra og skoða nánar, hvernig landssambandsþinginu er háttað. Til dæmis mætti stytta dagskrána. Einnig heyrðum við raddir um, að þeir formenn sem sátu þingið hefðu ekki fengið tækifæri til að kynna sig. Formenn deilda kynna sig á framkvæmdaráðsfundunum, það er venjan, á aðalfundi er erfitt að vera með kynningar á 12 deildum. Við ákváðum því að gefa út fréttabréfið frá öllum deildum sem ritstjórinn okkar hún Lára Guðmundsdóttir setti síðan saman mjög skemmtilega og það lá frammi á þinginu og var kynnt sérstaklega. Ég vil benda ykkur á, sem ekki sátuð þingið, og bið ykkur að kynna ykkar deildarkonum, að fréttabréfið má nálgast á netsíðunni okkar. Þar eru allar nýjustu upplýsingarnar frá deildunum, einnig frá nefndum og alþjóðanefndum.

Einnig er væntanlegt loka fréttabréf frá starfsárinu.

Að svo mæltu óska ég ykkur áframhaldandi gleðilegs sumars og enn og aftur þakka ég ykkur fyrir sérstaklega gott samstarf og góða og viðkynningu.

Gangi ykkur allt í haginn á ykkar síðara starfsári, og nýrri stjórn og nýjum forseta óska ég allra heilla.

Með kærri kveðju,
Úr blíðunni í Skerjafirði,

Sigríður Ragna